

Enska 7 bekkur 2021 - 2022

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Leitast verður við að þjálfa nemendur í öllum fjórum færniþáttunum, lestri, hlustun, tali og ritun. Notast verður við kennslubókina Action ásamt vinnubók og hlustunarefni. Í enskunnni verður einnig unnið með tónlist, myndbönd og myndir og nemendur vinna bæði einstaklingslega og í hópum.

Verkefni í vinnubók eru unnin í stílabók ásamt öðrum ritunarverkefnum og orðalistum. Einnig er hlustunarefni sem fyllgir námsefninu.

Læra kennimyndir óreglulegra sagna og málfræðiatríði í vinnubók.

Skrifa diaries/ritanir einu sinni í viku. Viðfangsefni er heimili og daglegt líf o.fl. sem tengist námsefninu.

Horft á og unnið með valdar myndir.

Hópaverkefni sem tengjast námsefninu.

Námsáætlun

ENSKA – 7. BEKKUR

Námsáætlun á haustönn 2021

24. ágúst – 20. desember

Action – bls. 26 – 75 í lesbók og vinnubók A. Unnið í tímum og heima. Verkefni í lesbók eru unnin í stílabók ásamt öðrum ritunarverkefnum og muna að læra orðalista með köflunum. Heimavinna er skráð í Mentor.

Málfræði – Vinnuhefti C bls. 1 – 16 og óreglulegar sagnir. Hæfniviðmið; nýtt þekkingu sína á málfræði við nám í íslensku og erlendum málum.

Kaflapróf 1. október- Það verður prófað úr 2. kafla í Action bls. 26 – 47. Lesa vel yfir textann í kaflanum, læra orðalista og málfræði í málfræðihefti. Hæfniviðmið; fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu,

Óreglulegar sagnir – Könnun 5. nóvember – Læra óreglulegu sagnirnar í málfræðihefti. Hæfniviðmið; nýtt þekkingu sína á málfræði við nám í íslensku og erlendum málum.

Ritun/Diaries – Skrifa minnst 10 línur í stílabók og skila a.m.k. 10 diaries/ritunum á haustönn. Muna að dagsetja og vanda skrift og frágang og fá aðstoð heima. Hafið í huga að nota fjölbreyttan orðaforða og nota ný orð úr orðalista og lesa yfir upphátt heima. Hæfniviðmið; skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tók á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki,

Kaflapróf 3. desember - Það verður prófað úr 3. kafla í Action bls. 52 – 74. Læra orðalista og lesa vel yfir allan texta og æfingar í lesbók og vinnubók. Hæfniviðmið; fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu,

Lestur - 'Book-report' lesa bók og læra að skrifa book-report þar sem eftirfarandi þarf að koma fram; title, author, pages, main characters, theme, conclusion, your opinion. Hæfniviðmið; skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda,

Tölvu- og bókasafnstímar – Hópavinna 2 - 3 vinna saman að ýmsum verkefnum tengdum námsefni eða ákveðnum orðaforða. Leita heimilda á netinu eða á bókasafni – skila í formi kynninga eða á plakati. Hæfniviðmið; flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Grunnþættir menntunar

Heilbrigði og velferð	stuðla að jákvæðum skólabrag, sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum, nýtir styrkleika sína í vinnu sinni og samskiptum við aðra,
Jafnrétti	temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinn á aðstæðum, fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra, tekur tillit til skoðana annarra,
Lýðræði og mannréttindi	kemur fram við samstarfsfólk sitt af virðingu og tillitssemi, vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar, vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýnin hátt, temur sér siðferðisleg gildi í umgengni sinni við aðra,
Læsi	les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu, tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir, nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla
Sjálfbærni	tekst á við álitamál í ræðu sinni um málefni sem varða umhverfi hans, þróar með sér gagnrýna hugsum og kemur henni til skila,
Sköpun	virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna, nýtir hæfileika sína og skapar afurð

Námsmat

Námsmat:

Enn sem fyrr munu einkunnir gefnar fyrir einstök hæfniviðmið en hæfniviðmið liggja á bak við verkefni nemenda. Nemendur/foreldrar geta séð hvaða hæfniviðmið liggja að baki hverju verkefni þegar farið er inn í námslotur námsgreinarinnar á Mentor. Gefnir verða bókstafirnir A, B, C, D fyrri hæfniviðmiðin en lokið /ólokið fyrir einstök verkefni. Í janúar fá nemendur mat fyrir haustönnuna í heild sinni og í maí fá nemendur námsmat fyrir allt skólaárið.

Kaflapróf 30% - lestur, orðaforði, málfræði

Ritanir 30% - uppsetning ritana, málnotkun, stafsetning, málfræði, upplestur

Book-report 15% - Lestur bóka, uppsetning á book-report og kynning

Óreglulegar sagnir 10% - Geta skrifað kennimyndir óreglulegu sagnanna í málfræðihefti

Kynningar/hópaverkefni 15% - samvinna, upplýsingaöflun, menningarläsi, kynning

Birt með fyrirvara um breytingar.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti

Að samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi

Mæting

Að nemendur mætti á réttum tíma með kennslugögn í kennslustundir

Virgni í tímum

Að nemendur fari eftir fyrirmælum kennara og nýti kennslustundirnar vel

Skil á verkefnum - sein skil

Að nemendur skili verkefnum samkvæmt námsáætlun og upplýsingum í Mentor

Ritstuldur

Að nemendur skrifi ekki upp eftir öðrum

Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur

Að nemendur nýti sér orðabækur og hjálpargögn á netinu

Skyldur nemenda

Að nemendur beri ábyrgð á námi sínu og virði vinnu samnemenda og kennara

Skyldur kennara

Að miðla þekkingu og leitist við að mæta ólíkum þörfum nemenda

Stoðþjónusta nemenda

Sérkennarar, stuðningsfulltrúar og námsráðgjafi